

Nr. 066 / 09 Bjartur NK 121**Ásigling á bryggju**

Skipaskr.nr. 1278
Smíðaður: Niigata, Japan 1973, stál
Stærð: 461 brl. 658 brt.
Mesta lengd: 47,20 m Skráð lengd: 42,24m
Breidd: 9,5m dýpt: 6,5m
Vél: MaK 1472 kW
Fjöldi skipverja: 15



Bjartur©Hilmar Snorrason

Gögn:

Dagbók skipsins
Lögregluskýrsla

Málið afgreitt á fundi 31. ágúst 2009 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasoni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Atvikalýsing:

Þann 10. júní 2009 var Bjartur NK 121 að koma til hafnar í Neskaupstað. Veður: NA 4-5 m/s.

Þegar verið var að leggja að olúbryggjunni rakst stefni skipsins nokkuð harkalega í bryggjukantinn með þeim afleiðingum að trékantur og nokkur fríholt skemmdust. Ekki urðu skemmdir á skipinu.

Við rannsókn kom fram:

- að skipstjórinn taldi að bilun hefði orðið í stjórnbúnaði en þrátt fyrir ítarlega skoðun á honum kom ekkert í ljós sem skýrði það.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð og gefur ekki tilefi til frekari rannsóknar.